

Mættir:

Siggeir F. Ævarsson (bæjarskrifstofa) - formaður
Daníel Júlíusson (grunnskóli)
Hjalti Guðmundsson (þjónustumiðstöð)
Arnfinnur Antonsson (höfnin)
Álfheiður Hörn Guðmundsdóttir (íþróttamiðstöð)
Sigríður Guðmundsdóttir Hammer (leikskóli)
Halldóra Halldórsdóttir (grunnskóli)

1. Vinnuverndarnámskeið

Formaður kynnti tímasetningar á komandi námskeiðum. Þrír nefndarmenn eru á leið á námskeið í Reykjanesbæ 5. og 6. nóvember.

2. Áhættumat stofnanna

Laut skilaði inn sínu áhættumati á dögnum. Allar stofnanir hafa skilað inn í gegnum tíðina en kominn tími á endurskoðun hjá flestum. Nefndarmenn skoða sínar stofnanir í samvinnu við formann.

3. Aðgengismál

P-merkt stæði fyrir hreyfihamlaða vantar við margar stofnanir. X merkt stæði fyrir sjúkrabíla vantar við flestar stofnanir. Skoða þarf þessi mál hjá stofnunum bæjarins. Í framhaldi þarf að skoða öll aðgengismál í stofnunum, rampa, þröskulda, hurðir og slíkt. Grindavíkurbær ætti að vera í fararbroddi annarra sveitarfélaga þegar kemur að aðgengismálum.

4. Stillingar á vinnustöðvum og aðrar leiðbeiningar

Á síðasta fundi var kallað eftir leiðbeiningum um handþvotta og aðstöðu við vinnustöðvar sem Grindavíkurbær lét útbúa á sínum tíma. Formaður sendir á nefndina sem kemur þeim áfram á yfirmenn og setja upp eftir þörfum.

5. Hjartastuðtæki

Formaður ítrekar fyrri póst um hjartastuðtæki sem sendur var á forstöðumenn 24. ágúst.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 17. nóvember kl. 13:30

Fleira ekki bókað.

Fundi slitið 15:20